

Minnispunktur um skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga í nágrannalöndunum

I. Inngangur

Það hefur verið yfirlýst stefna íslenskra stjórnvalda að stuðla að því að íslenskt skattkerfi verði sambærilegt þeim sem eru í nágrannalöndunum, ella sé hætt á að innlend fyrirtæki fari halloka í samkeppni á alþjóðamörkuðum. Óhætt er að fullyrða að ýmislegt hefur áunnist í þeim efnum á undanförunum árum og er íslenskt skattkerfi að flestu leyti sambærilegt því sem þekktist annars staðar. Aukin áhersla á gerð tvísköttunarsamninga er mikilvægur liður í þessari viðleitni.

Samanburður milli skattkerfa er ávallt vissum annmörkum háður, enda mótast uppbygging þeirra af aðstæðum í hverju ríki, sem oftast en ekki eru afar mismunandi milli landa. Mismunandi uppbygging almannatrygginga í einstökum ríkjum er til dæmis þáttur sem oft ræður miklu um þörf og samsetningu tekjuöflunar hjá opinberum aðilum.

Hér á eftir verður sérstaklega fjallað um þá þætti í íslensku skattkerfi sem helst skera sig úr samanborið við önnur lönd án þess þó að um heildarúttækt sé að ræða. Þar má sérstaklega nefna eignarskattlagningu fyrirtækja sem hefur verið á undanhaldi víða í Evrópu síðustu árin. Hin hliðin á sama peningi er eignarskattlagning einstaklinga sem er mun algengari. Tryggingagjöld er einnig tekjustofn sem vegur mjög misþungt í tekjuöflun OECD-ríkjanna og er vægi þeirra óvenjulágt í íslensku skattkerfi samanborið við nágrannalöndin, ef frá er talin Danmörk. Hér skiptir mismunandi uppbygging velferðarkerfisins mestu máli. Tekjuskattur fyrirtækja hefur hins vegar verið að þróast í átt til meira samræmis innan Evrópu, þó nokkur munur ríki enn á því sviði. Á því sviði er mikil umræða um frekari samræmingu til að koma í veg fyrir skaðlega skattasamkeppni milli einstakra ríkja.

II. Eignarskattar hér á landi samanborið við önnur lönd

Fyrirtæki. Samkvæmt gildandi lögum eru lagðir tvenns konar eignarskattar á fyrirtæki hér á landi, þ.e. 1,2% almennur eignarskattur sem rennur án eyrnamerkingar í ríkissjóð og 0,25% sérstakur eignarskattur sem ætlað er að fjármagna endurbætur menningarbygginga. Skattstofninn er hins vegar sá sami. Á árinu 1998 nam álagður eignarskattur á lögaðila 1.310 m.kr., þar af nam sérstaki eignarskatturinn 226 m.kr. Fjöldi skattgreiðenda er um 3.100, eða um helmingur þeirra sem eru á skrá.

Segja má að eignarskattlagning hafi verið á hröðu undanhaldi í Evrópu síðustu árin og á það raunar jafnt við um einstaklinga sem fyrirtæki. Árið 1994 var

eignarskattlagning fyrirtækja afnumin í Austurríki og sama gerðu Þjóðverjar árið 1997. Ítalía fetaði síðan í þeirra spor árið 1998. Nú er svo komið að einungis þrjú lönd í Evrópu leggja eignarskatt á fyrirtæki, þ.e. Ísland, Lúxemborg og Sviss.

Eignarskatturinn er kantónuskattur í Sviss og er mishár eftir kantónum. Hlutfallið er almennt lágt, en fer stighækkandi. Sem dæmi er skatturinn á bilinu 0,06% -0,1% í Bern og eru skattleysismörkin 10 m.ísl.kr. Í efsta þrepi eru eignarmörkin 25 m.ísl.kr.

Í Lúxemborg er skatthlutfallið 0,5%, en ýmsar undanþágur virðast í gildi.

Einstaklingar. Níu ríki í Evrópu leggja eignarskatt á einstaklinga. Þau eru Finnland, Frakkland, Holland, Ísland, Lúxemborg, Noregur, Spánn, Sviss og Svíþjóð. Þess má geta að Danir afnámu eignarskatt á einstaklinga í ársbyrjun 1997. Í eftirfarandi yfirliti eru dregin fram helstu einkenni eignarskattsins í framangreindum ríkjum:

- **Finnland;** skattleysismörk eru 14,3 m.ísl.kr. og er skatthlutfallið 0,9%. Hjón eru skattlögð sameiginlega.
- **Frakkland;** skattleysismörk eru 55 m.ísl.kr. og fer skatthlutfallið stighækkandi, úr 0,55% upp í 1,8%. Efsta þrepið nær til eigna umfram 1.200 m.ísl.kr.
- **Holland;** skattleysismörk fyrir hjón eru 8,6 m.ísl.kr. og er skatthlutfall 0,7%. Þess má geta að þak er sett á skattbyrði einstaklinga, þ.e. hún má ekki fara yfir 68% af skattskyldum tekjum.
- **Ísland;** *skattleysismörk eru rúmlega 7 m.kr. á hjón og er almenna skatthlutfallið 1,2%. Skattstofninn er hins vegar þrengri en víðast hvar.*
- **Lúxemborg;** skattleysismörk eru fremur óljós, en ýmsar undanþágur virðast vera í lögunum. Þannig eru bankainnstæður og hlutabréfaeign nánast undanþegin. Skatthlutfallið er 0,5%.
- **Noregur;** bæði ríki og sveitarfélögin leggja á eignarskatt í Noregi. Skattur ríkisins er stighækkandi, fer úr 0,2 upp í 0,4. Skattleysismörk eru 2,4 m.ísl.kr. á hjón í neðsta þrepi en um 11 m.ísl.kr. í efsta þrepi. Til viðbótar leggja sveitarfélögin á flatan skatt, 0,4-0,7% eftir sveitarfélögin á eignir yfir 2,4 m.ísl.kr. hjá hjónum.
- **Spánn;** sjálfstjórnarsvæðin 17 eiga þennan tekjustofn. Skatthlutfallið fer stighækkandi eftir eignum og er á bilinu 0,2-2,5%. Skattleysismörkin eru 25 m.ísl.kr. á hjón.
- **Svíþjóð;** skattleysismörkin eru 8 m.ísl.kr. á hjón og er skatthlutfallið 1,5%.
- **Sviss;** skatturinn er mishár eftir kantónum og fer stighækkandi eftir eignum. Sem dæmi er skatthlutfallið í Bern 0,5-1% og eru skattleysismörk 19 m.ísl. kr. á hjón. Eignarmörk í efsta þrepi 192 m.ísl.kr.

III. Tryggingagjöld

Á undanförnum árum hafa þær raddir gerst æ háværari innan Evrópu sem halda því fram að skattlagning launa sé orðin of mikil. Er þá bæði átt við tekjuskatt einstaklinga og launatengda skatta, jafnt hjá atvinnurekendum sem launþegum. Þær raddir hafa jafnvel heyrst að skýra megi um þriðjung atvinnuleysisvandans í Evrópu með of þungri skattbyrði á launakostnað.

Á vettvangi OECD er unnið að reglubundnum athugunum á skattlagningu meðallauna í aðildarríkjum stofnunarinnar. Í skýrslu stofnunarinnar sem kom út nýverið birtist meðfylgjandi tafla. Þar kemur fram að skattlagning meðallauna hér á landi er tiltölulega léttvæg samanborið við nágrannaríkin. Þar þarf að hafa í huga sem áður var nefnt að slíkur samanburður er ekki einhlítur, meðal annars vegna mismunandi fjármögnunar á velferðarkerfum landanna Af einstökum ríkjum þar sem skattbyrði á laun er mjög þung má nefna Belgíu, þar sem hún mælist 57% af meðallaunum samanborið við 24% hér landi.

Skattar sem % af meðallaunum	Tekjuskattur einstaklinga	Tryggingagjöld		Samtals
		launþega	atv.rekenda	
Austurríki	8	14	24	46
Belgía	22	10	26	57
Bretland	15	8	9	32
Danmörk	35	10	0	45
Finnland	22	6	20	49
Frakkland	7	13	29	49
Grikkland	2	12	22	36
Holland	6	30	7	44
Írland	18	5	11	32
Ítalía	13	7	32	51
Lúxemborg	12	11	12	35
Portúgali	6	9	19	34
Spánn	11	5	24	39
Svíþjóð	21	4	25	51
Þýskaland	18	17	17	52
ESB-ríkin, meðaltal	14	11	18	43
Noregur	19	7	11	37
Sviss	9	10	10	30
<i>Ísland</i>	20	0	4	24
Bandaríkin	17	7	7	31
Japan	8	7	7	21
OECD, meðaltal	14	8	16	38

IV. Tekjuskattur fyrirtækja

Skatthlutfallið. Sem fyrr segir hefur tekjuskattur fyrirtækja hér á landi verið að færast í svipað horf og gerist í nágrannalöndunum. Þetta á jafnt við um skatthlutfallið sem og ýmis önnur ákvæði í lögnum. Verðbreytingarfærsla í skattuppgjöri íslenskra fyrirtækja er þó enn einsdæmi, að minnsta kosti í Evrópu. Bent hefur verið á að þetta þurfi að skoða sérstaklega samhliða skattalegum fyrningarreglum íslenskra fyrirtækja samborið við önnur lönd.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram tekjuskatthlutfall fyrirtækja á EES-svæðinu á þessu ári. Þar sést að skatthlutfall hér á landi er mjög áþekkt því sem gerist annars staðar og lítillaga undir meðaltali ESB-ríkjanna.

	<u>Tekjuskattur</u> <u>fyrirtækja</u> %
Austurríki	34
Belgía	39
Bretland	30
Danmörk	32
Finnland	28
Frakkland	33
Grikkland	40
Holland	35
Írland	28
Ítalía	37
Lúxemborg	30
Portúgal	34
Spánn	35
Svíþjóð	28
Þýskaland *	30/40
ESB-ríkin, meðaltal	33
Noregur	28
Sviss	8,5
<i>Ísland</i>	<i>30</i>

* Lægri skattur á hagnað sem greiddur er út.

Fyrningarreglur einstakra ríkja. Mikilvægur þáttur í áætlaðri skattbyrði fyrirtækja eru reglur skattyfirvalda um fyrningar. Engar samræmdar alþjóðlegar reglur eru gildi á þessu sviði, ekki einu sinni innan ESB, þrátt fyrir margar lærðar skýrslur um nauðsyn samræmingar. Til fróðleiks hafa skattalegar fyrningarreglur nokkurra Evrópuríkja verið skoðaðar og birtist niðurstaðan í eftirfarandi töflu. Rétt er að hafa í huga að hér er aðeins um afar lauslega athugun að ræða og flestum tilvikum miðað við hámarksafskrift.

Árafjöldi	Verksmiðju- hús	Vélar og tæki	Bílar	“Know- how”
Bretland	25	4	4	4
Danmörk	20	3	3	7
Finnland	15	3	3	10
Noregur	20	5	5	3
Svíþjóð	20	3	3	3
Þýskaland	50	10	5	8
Ísland	16	7	5	5